



## Hulduheimafréttir

1.tbl. 11 árg.

### Starfsmannabreytingar

Í lok nóvember 2015 kom nýr sérkennslustjóri Jensína Kristín Gísladóttir til starfa, þá fór Guðrún Ósk Guðjónsdóttir í veikindaleyfi.

Jórunn Elva Gunnarsdóttir (Sólbakka) lét af störfum 1. febrúar.

Mateusz Michael Kuc (Matti) hóf stöf 26. janúar, hann verður í afleysingum og á Sólbakka til 1. apríl.

Hrefna Halldórsdóttir Morthens hóf stöf 7. janúar, hún verður á Kirsuberjadal og í afleysingum.

### Sumarfrí

Hulduheimar verða lokaðir vegna sumarleyfa frá 30. júní 2016 til og með 3. ágúst 2016

### Námsferð

Vegna námsferðar til Brighton verður leikskólinn lokaður miðvikudaginn 20. apríl og föstudaginn 22. apríl.

### Fundur foreldraráðs 7. mars 2016

- Læsisstefna leikskóla Árborgar lögð fram
- Dagatal næsta skólaárs til kynningar
- Matthíasarskógur (salurinn) verði matsalur og að allar máltíðir verði borðaðar þar
- Mikilvægt að hafa kjarngóðan mat á föstudögum.

### Borðhald í sal.

1. apríl verður byrjað á því að hafa alla matartíma í salnum morgunmat, hádegismat og kaffi. Þetta er tilraun sem verður prufuð í apríl, maí og júní. Síðan verður ákveðið hvort þetta fyrirkomulag verður áfram næsta vetur.